

# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2002

27. mars 2002

601

Nr. 247

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,  
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. apríl“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

27. mars 2002

Nr. 248

## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni  
og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:

a) Merking á amfetamine orðist svo:

Amfetamine	amphetamine	P II	x	4)
------------	-------------	------	---	----

b) Við undanþágur og athugasemdir við fylgiskjal I bætist eftirfarandi:

4) Undanþegin eru: Efni sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1994 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð